

# Morgunblaðið

G A G N A S A F N

Fimmtudaginn 12. febrúar, 2004 - Menning

## Söngskemmtun haldin í Salnum

KVEIKTU ljós! er yfirskrift söngskemmtunar sem Karlaþór Kjalnesinga og Guðrún Gunnarsdóttir söngkona standa fyrir í Salnum kl. 20 í kvöld.



*Guðrún Gunnarsdóttir*

KVEIKTU ljós! er yfirskrift söngskemmtunar sem Karlaþór Kjalnesinga og Guðrún Gunnarsdóttir söngkona standa fyrir í Salnum kl. 20 í kvöld. Á efnisskrá eru lög úr ýmsum áttum en uppistaðan eru sígild íslensk dægurlög sem Óskar Einarsson hefur útsett fyrir Guðrúnu og kórinn, meðal laga eru Kveiktu ljós og Hvítir mávar. Óskar er kunnur fyrir stjórnun á gospelkórum og hefur komið að ótal tónlistarupptökum. Guðrún hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir hljómdiskinn Óður til Ellyar. Á söngskemmtuninni mun hún einnig flytja lög af þeim disk.

Í ferð kórsins til Týrol árið 2002 tókust góð kynni með kórfélögum og Guðrúnu en hún gerði sjónvarpsmynd um ferðina og Sigurð Demetz Franzson níræðan. Úr röðum kórfélaga syngja einsöng tenórarir Jóhannes Freyr Baldursson og Ólafur M. Magnússon. Stjórnandi kórsins er Páll Helgason. Um undirleik sjá Óskar Einarsson á píanó, Jóhann Ásmundsson á bassa og Helgi Svavar Helgason á slagverk.

Karlaþór Kjalnesinga var stofnaður 1991 og er skipaður 35 söngmönnum. Kórinn gaf út árið 2002 geisladiskinn Kemur heilög hátíð.

---

© Morgunblaðið, 2004